

**Reykjavíkurborg**  
annars vegar  
og  
**Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga**  
hins vegar  
gera með sér svofellt

**SAMKOMULAG**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**1. gr.**  
**Gildistími**

Samningsaðilar eru sammála um að gildandi kjarasamningur aðila ásamt bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.**  
**Launahækkanir**

Laun samkvæmt gr. 1.1.1 hækki frá 1. apríl 2023 í samræmi við meðfylgjandi launatöflu 1 í fylgiskjali 3.

*Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekari endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.*

1. janúar 2024: Kosið verði milli leiðar A og leiðar B og skal niðurstaða um hvor leiðin verði valin liggja fyrir eigi síðar en 1. desember 2023. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nægir til samþykktar.

Leið A: Laun óbreytt og áfram greitt skv. launatöflu 1 í fylgiskjali 3.

Leið B: 1. janúar 2024 - Innleiðing starfsmats með þeim breytingum sem því fylgja sbr. fylgiskjal 1 og meðfylgjandi launatöflu 2 í fylgiskjali 3. Fyrir 1. nóvember 2023 mun liggja fyrir bráðabirgðaröðun starfa skv. starfsmati.

**3. gr.**  
**Desemberuppbót og orlofsuppbót**

Desemberuppbót skv. gr. 1.6.1 verður á samningstímanum sem hér segir:  
Á árinu 2023                    kr. 115.000

Orlofsuppbót skv. gr. 4.2.2. verður á samningstímanum sem hér segir:  
Á árinu 2023                    kr. 56.000

**4. gr.  
Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt fylgiskjölum, verkáætlun og viðauka, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 19. júlí 2023 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavík, 12. júlí 2023

f.h. Reykjavíkurborgar,  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs



f.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og  
hagfræðinga með fyrirvara um samþykki  
félagsmanna



**Bókanir og verkáætlun**  
**við samkomulag dags. 12. júlí 2023**  
**milli**  
**Reykjavíkurborgar**  
**annars vegar**  
**og**  
**Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga**  
**hins vegar**

**Bókun 1**

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum taki önnur laun skv. gr. 1.1.3 hækjun um 6,75% þann 1. apríl 2023.

**Bókun 2**

Aðilar eru ásáttir um að frá 1. apríl 2023 verði iðgjald í vísindasjóð KVH skv. gr. 12.4.1 og 14.6.1, samtals 1,6% af dagvinnulaunum félagsmanna.

**Verkáætlun**

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Málefni   | Vinna hefst       | Vinnu lýkur      |
|---|-------------------|------------------|
| Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi.<br>Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. | Vinna þegar hafin | 31. janúar 2024  |
| Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi.<br>Vettvangur stýrihóps heldur áfram.  | Vinna þegar hafin | 31. janúar 2024  |
| Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.  | Vinna þegar hafin | 31. október 2023 |
| Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.  | Vinna þegar hafin | 31. ágúst 2023   |

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Eftirfarandi mál verða til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga:

| Málefni                      | Vinna hefst       | Vinnu lýkur     |
|------------------------------|-------------------|-----------------|
| Heildarútgáfa kjarasamnings. | 1. janúar 2024    | 31. janúar 2024 |
| Endurskoðun launatöflu/      | 1. september 2023 | 31. mars 2024   |

|  |  |  |
|--|--|--|
| Skipaður verði starfshópur með fulltrúum beggja aðila sem verði falið að ræða gildandi launatöflu, mat á viðbótarlaunaþáttum til persónuálags og önnur laun. |  |  |
|--|--|--|

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu áherslur samningsaðila liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

**Viðauki**  
**við samkomulag dags. 12. júlí 2023**  
**milli**  
**Reykjavíkurborgar**  
**og**  
**Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga**  
**um breytingar og framlengingu á fylgiskjali 2 við kjarasamningi aðila**

Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á fylgiskjali 2 við kjarasamning aðila um betri vinnutíma í vaktavinnu.

Grein 1.6.1 og gr. 1.6.2 breytist frá 1. apríl 2023 og verða svohljóðandi:

### **1.6 Álagsgreiðslur - vaktaálag**

#### **1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1.**

Vaktaálag skal vera:

33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga  
55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga  
65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga  
55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka fríðaga  
75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka fríðaga  
120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátiðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl.  
16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag  
og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

#### **1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:**

33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga  
45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga  
45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga  
33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga  
45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka fríðaga  
120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátiðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl.  
16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag  
og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

Grein 2.6.10 breytist frá 1. apríl 2023 og verður svohljóðandi.

### **2.6.10 Vaktahvati**

Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og uppfyllir skilyrði greinarinnar fær greiddan vaktahvata með eftirfarandi hætti.

Vaktahvati greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölða vakta á launatímabili samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á hverju launatímabili utan dagvinnumarka (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 42 vinnuskyldustundir. Vaktir eru flokkaðar í fjórar tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir (55% og 75% álag). Þá skal lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta vera 15 vinnuskyldustundir. Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar til þess að njóta vaktahvata.

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

| Fjöldi vakta | Tegundir vakta |       |       |       |
|--------------|----------------|-------|-------|-------|
|              | 1              | 2     | 3     | 4     |
| 19           |                | 10,0% | 12,5% | 12,5% |
| 18           |                | 7,5%  | 10,0% | 12,5% |
| 17           |                | 7,5%  | 10,0% | 12,5% |
| 16           |                | 2,5%  | 7,5%  | 12,5% |
| 15           |                | 2,5%  | 2,5%  | 10,0% |
| 14           |                |       | 2,5%  | 7,5%  |

## Fylgiskjal I: Starfsmat

Reykjavíkurborg innleiddi árið 2005 starfsmatskerfi í samstarfi við tiltekin stéttarfélög með það að markmiði að meta störf innan Reykjavíkurborgar til launa með samræmdum hætti. Kerfið sem um ræðir heitir SAMSTARF og byggir á bresku starfsmatskerfi (Single Status Job Evaluation) frá árinu 1997 sem hannað var af sérfræðingum í samvinnu við sveitar- og stéttarfélög í Bretlandi, auk sérfróðra ráðgjafa um launajafnrétti. Bæði Breska jafnréttisráðið (Equal Opportunities Commission) og Jafnréttisnefnd kynþátta (Commission for Racial Equality) í Bretlandi tóku virkan þátt í hönnun kerfisins. Hafa aðilar í Bretlandi unnið sameiginlega að þróun og endurskoðun kerfisins og gert breytingar í samræmi við þá vinnu.

Árið 2013 hófu fulltrúar Reykjavíkurborgar og þeirra stéttarfélaga sem eru aðilar að kerfinu sameiginlega vinnu að endurskoðun á starfsmatskerfinu SAMSTARF. Forsendur kerfisins voru rýndar sem og þær breytingar sem búið var að gera á kerfinu í Bretlandi og voru þær lagðar til grundvallar við uppfærslu kerfisins sem tók gildi frá 1. febrúar 2014. Við mat á störfum er horft til þáttu er varða þekkingu og reynslu, ábyrgð og vinnuumhverfi auk álags í starfi. Við uppfærslu kerfisins árið 2014 var lögð áhersla á að fara yfir allar breytingar sem höfðu orðið á fyrrgreindum þáttum og þeir uppfærðir. Var m.a. lögð áhersla á störf þar sem háskólamenntunar var krafist til að bregðast við þeim breytingum sem orðið hafa í starfsumhverfi þeirra. Var þar m.a. horft til breytinga á fyrirkomulagi stjórnunar hjá Reykjavíkurborg og innra samræmis þáttu í kerfinu.

Reykjavíkurborg hefur kynnt fullrúum Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga starfsmatskerfið SAMSTARF og hafa fulltrúar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í kjölfarið lýst yfir vilja til að skoða aðild að starfsmatskerfinu á samningstímanum. Í samræmi við það eru aðilar sammála um að fram fari kosning meðal félagsmanna Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga um hvort starfsmatskerfið verði tekið upp á samningstímanum og verði þannig hluti af kjarasamningi aðila. Gert er ráð fyrir að kosning fari fram á síðari hluta árs 2023 og verði lokið eigi síðar en 1. desember sama ár.

Frá samþykkt samnings þessa og fram að þeim tíma sem kosning fer fram munu fulltrúar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga kynna félagsmönnum sínum starfsmatskerfið með ítarlegum hætti og með aðkomu fulltrúa Reykjavíkurborgar eftir því sem þörf er á.

Kosning um aðild Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga að starfsmati skal borinn upp á lögformlegan hátt af fullrúum Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og mun einfaldur meiri hluti nægja til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 1. desember 2023 skoðast aðild Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga að starfsmatskerfinu SAMSTARF samþykkt. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um þessa breytingu eru einungis þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

Verði aðild að starfsmatskerfinu SAMSTARF samþykkt munu ákvæði kjarasamningsins aðila sem og bókanir með samningnum breytast með eftifarandi hætti:

Grein 1.2.1 breytist sem hér segir og verður eftifarandi frá 1. janúar 2024:

### 1.2.1 Starfslaun

- 1.2.1.1 Starfslaun byggja á þeim sérstöku kröfum sem starf gerir til starfsmanns eins og þær eru metnar í starfsmatskerfi samningsaðila SAMSTARFI. Miðað er við að um viðvarandi og stöðugt verksvið sé að ræða.

- 1.2.1.2 Þegar stofnað er nýtt starf skal samstarfsnefnd ákvarða röðun þess til starfslauna til bráðabirgða. Þegar starfinu hefur verið gegnt í 6 mánuði skal það metið í starfsmatskerfi samningsaðila og því raðað til starfslauna í samræmi við matsniðurstöðuna.

**Skýring:** Ef starfsmat leiðir síðar í ljós að nýju starfi hefur verið of lágt raðað í upphafi til starfslauna ber að leiðréttu það með afturvirkum hætti. Hafi starfi hins vegar verið of hátt raðað í upphafi þá heldur starfsmaður þeirri einstaklingsbundnu röðun en starfinu er raðað miðað við matsniðurstöður. Of há einstaklingsbundin launaröðun kemur á móti röðun skv. 1.2.2.

- 1.2.1.3 Starfslýsingar skulu vera til fyrir öll störf og farið er yfir þær í árlegum starfsþróunarsamtölum starfsmanna og yfirmanna.

Í starfslýsingu eiga að koma fram upplýsingar um alla meginþætti starfs og skilgreining á ábyrgðarsviði og skyldum, þannig að ljóst sé hvaða kröfur eru gerðar til starfsmanns og hvaða viðfangsefnum honum er ætlað að sinna.

- 1.2.1.4 Óski stofnun eða starfsmaður eftir endurmati á starfi skal það erindi sent starfsmatsnefnd, sbr. starfsreglur starfsmatsnefndar.

- 1.2.1.5 Starfslaun eru ákveðin samkvæmt eftirfarandi tengireglu á milli starfsmatsstiga og launaflokka:

Tengireglu frá og með 1. janúar 2024:

**Starfslaun = 186 + 0,13 \* matsstig (matsstig til og með 539)**

**Starfslaun = 152 + 0,194 \* matsstig (matsstig frá og með 540)**

Grein 1.2.2 fellur út frá og með 1. janúar 2024.

Grein 1.2.3.2 breytist sem hér segir og verður eftirfarandi frá 1. janúar 2024:

Persónuálag vegna menntunar á háskólastigi

Framhaldsmenntun starfsmanns skal metin út frá framhaldsnámi á háskólastigi sem nýtist í starfi þannig að:

Vegna diplomanáms (60 ECTS einingar) fær starfsmaður 1,5% persónuálag

Vegna 4ra ára grunnáms (240 ECTS einingar) fær starfsmaður 1,5% persónuálag

Vegna meistaraprófs fær starfsmaður 3% persónuálag

Vegna doktorsprófs fær starfsmaður 3% persónuálag

Persónuálag skv. þessari grein getur að hámarki verið 6%.

Við mat á námi eru einingar aldrei tvítaldar. Starfsmaður fær framhaldsmenntun sína metna frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann hefur lagt fram fullnægjandi gögn um námið.

## Bókun 10

### Markmið samningsaðila

Samningsaðilar eru sammála um það langtíma markmið að greiða sömu laun fyrir jafnverðmæt störf hjá Reykjavíkurborg. Sem lið í því hafa samningsaðilar orðið sammála um að félagsmenn

Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga verði aðilar að starfsmatskerfinu SAMSTARF sem meginþorra starfsmanna Reykjavíkurborgar er launaraðað samkvæmt.

Samningsaðilar eru sammála um að vinna að viðhaldi og þróun starfsmatskerfisins í samstarfi við stéttarfélög sem samið hafa um sama starfsmatskerfi við Reykjavíkurborg. Starfsmatsnefnd starfar samkvæmt gildandi starfsreglum starfsmatsnefndar sbr. fylgiskjal XI. Reykjavíkurborg kostar starfsmatskerfið og þróun þess.

### Bókun 11

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að styrkja faglegt sjálfstæði starfsmatsins sem og starfsmatsfulltrúa gagnvart stéttarfélögum og stjórnsýslu borgarinnar.

Tryggt verður að fulltrúi Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga eigi sæti á fundum starfsmatsnefndar, þegar mál sem varðar félagsmenn þeirra með beinum hætti eru á dagskrá.

Samningsaðilar munu beita sér fyrir aukinni kynningu á starfsmatinu fyrir stjórnendur, trúnaðarmenn og félagsmenn. Með því móti verði stuðlað að upplýstri umræðu aðila um starfsmatið með það að leiðarljósi að gera kerfið betra og skilvirkara.

## Fylgiskjal II: Starfsreglur starfsmatsnefndar

### I. KAFLI

#### Starfshættir starfsmatsnefndar

##### 1. gr. Hlutverk starfsmatsnefndar

Hlutverk starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar er að sjá um framkvæmd starfsmats hjá Reykjavíkurborg á grundvelli starfsmatskerfsins (Single status job evaluation). Starfsmatsnefnd hefur yfirumsjón með þróun og aðlögun starfsmatskerfisins í samvinnu við framkvæmdaneftnd starfsmats Sambands íslenskra sveitarfélaga<sup>1</sup>.

Nefndin starfar skv. ákvæðum kjarasamninga Reykjavíkurborgar og þeirra stéttarfélaga sem samið hafa um aðild að starfsmatinu.

##### 2. gr. Skipan starfsmatsnefndar

Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar er skipuð annars vegar þremur föstum fulltrúum stéttarfélaga, þ.e. fulltrúa Eflingar – stéttarfélags, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Bandalags háskólamanna. Hins vegar er nefndin skipuð þremur fulltrúum Reykjavíkurborgar og skal einn þeirra gegna formennsku. Varamenn starfsmatsnefndar skulu skipaðir með sama hætti.

##### 3. gr. Verkefnastofa starfsmats

Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga reka saman Verkefnastofu starfsmats. Starfsmenn Verkefnastofu starfsmats skulu bundnir sérstakri trúnaðarskyldu skv. 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Starfsmenn Verkefnastofu starfsmats eru faglega sjálftæðir í störfum sínum. Kostnaður af störfum þeirra er greiddur af Reykjavíkurborg og hafa þeir réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

##### 4. gr. Fundir starfsmatsnefndar

Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar fundar reglulega. Formaður boðar til fundar með hæfilegum fyrirvara. Formanni er skyld að boða til fundar ef tveir eða fleiri nefndarmenn krefjast þess. Fulltrúi sem forfallast skal boða varamann í sinn stað.

Til að hægt sé að fylla um eða taka ákvörðun um einstök mál þurfa fulltrúar frá þeim stéttarfélögum sem málin varða að hafa verið boðaðir. Starfsmatsnefnd er ákvörðunarhæf þegar hún er skipuð a.m.k. tveimur fulltrúum stéttarfélaga í nefndinni og tveimur fulltrúum Reykjavíkurborgar. Allar ákvarðanir nefndarinnar skulu vera samhljóma. Fundargerðir starfsmatsnefndar eru birtar á heimasíðu Verkefnastofu starfsmats. Fulltrúar í starfsmatsnefnd eru bundnir trúnaðarskyldu.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar á rétt til setu eða getur tilnefnt aðila til setu í sinn stað á starfsmatsnefndarfundum og fundum faglegrar samráðsnefndar (skv. 5.gr.) og er til ráðgjafar eftir atvikum.

Ákvarðanir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir. Þó er heimilt að vísa málum til áfrýjunarnefndar skv. 21 grein. Einnig er heimilt að vísa málum til samstarfsnefnda/starfskjaranefndar á grundvelli ákvæða um starfsmatsnefnd í kjarasamningum aðila. Þegar málefni tiltekins sviðs eru til umfjöllunar er heimilt að kalla til starfsmannastjóra sviðsins til ráðgjafar. Starfsmenn Verkefnastofu starfsmats eiga sæti á fundum nefndarinnar og eru nefndinni til ráðgjafar.

<sup>1</sup> Starfsmatsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs framkvæmdaneftnd starfsmats til eins árs í senn sem sér um afgreiðslu starfsmatserinda.

### **5. gr. Fagleg samráðsnefnd**

Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar ásamt framkvæmdaneftnd starfsmats Sambands íslenskra sveitarfélaga mynda Faglega samráðsnefnd. Hlutverk nefndarinnar er að vera faglegur samráðsvettvangur um þróun starfsmatskerfisins, rekstur Verkefnastofu starfsmats, verkferla og verklag starfsmatsins.

### **6. gr. Vernd upplýsinga**

Gögn sem lögð eru fyrir starfsmatsnefndina skulu ekki vera persónugreinanleg. Öll vinnsla tölvtutækra persónugreinanlegra gagna í starfsmatsferlinu skal háð að gangstakmörkun með lykilordum og aðgengi bundið við starfsmenn Verkefnastofu starfsmatsins. Starfsmatsviðtöl skulu auðkennd með einstökum númerum. Úrvinnsla sem flokkast undir viðkvæmar persónuupplýsingar skal tilkynnt fyrirfram til Persónuverndar, en starfsmatsnefnd starfar skv. leyfi Persónuverndar. Vinnugögn og persónugreinanleg gögn eru ekki birt opinberlega með neinum hætti.

### **7. gr. Birting niðurstaðna**

Starfsmatsnefnd birtir niðurstöður starfsmats með eftirfarandi hætti:

- Verkefnastofa starfsmats birtir niðurstöður matsins sem samþykktar hafa verið af starfsmatsnefnd sundurliðaðar fyrir hvern þátt á heimasiðu Verkefnastofu starfsmats. Einnig er sundurliðunin send til viðkomandi sviðs og stéttarfélags
- Fundargerðir starfsmatsnefndar eru birtar á heimasiðu Verkefnastofu starfsmats.

## **II. KAFLI**

### **Skilyrði starfsmats og flokkun starfa**

#### **8. gr. Skilyrði starfsmats**

Við mat á starfi þarf að uppfylla eftirfarandi atriði:

- að starfsheiti hafi verið skráð og ISTARF flokkað og að ný/uppfærð undirrituð starfslýsing liggi fyrir,
- að starfsmáður/starfsmenn hafi útfyllt spurningalista starfsmats
- að starfinu hafi verið gegnt hjá Reykjavíkurborg samfellt að minnsta kosti í sex mánuði,
- að verksvið sé viðvarandi og stöðugt.

Tilfallandi eða tímabundin störf, t.d. sumarstörf og átaksverkefni, heyra ekki undir starfsmat. Ennfremur er starfsmatsnefnd heimilt, í undantekningatilfellum (t.d. árstíðabundin störf), að vísa málum með rökstuðningi til röðunar í samstarfsnefnd/starfskjaranefnd.

#### **9. gr. Val á fulltrúum starfa í starfsmatsviðtöl**

Við val á fulltrúum í starfsmatsviðtöl skal taka mið af úrtaksreglum starfsmatsnefndar um fjölda starfsmanna sem boða á í starfsmatsviðtal úr hverju starfi:

- 1 stm. í starfi = 1 í viðtal ásamt yfirmanni
- 2-5 stm. í starfi = 2 í viðtal ásamt yfirmanni
- 6-30 stm. í starfi = 4 í viðtal ásamt yfirmanni
- 31-60 stm í starfi = 6 í viðtal ásamt yfirmanni
- 61 eða fleiri stm = 10% starfsmanna, upp að 10 viðtölum

Starfsmannastjóri sviðs gerir tillögu til starfsmanna Verkefnastofu starfsmats um starfsmenn sem eru fengnir til viðtals sem fulltrúar starfs ásamt upplýsingum um næsta yfirmann. Þess bera að gæta að fulltrúar endurspegli starfsmannahópinn, þ.e. að kynskipting, aldur og vinnustaðir séu hlutfallslega í samræmi við starfsmannahópinn sem gegnir starfinu.

Úrtaksreglurnar er hægt að nálgast hér í heild sinni.

### III. KAFLI

#### Skipulagning starfsmatsviðtala

##### **10. gr. Boðun starfsmatsviðtala**

Umsjón með skipulagningu starfsmatsviðtala er í höndum starfsmanna verkefnastofu starfsmats sem úthluta hverri stofnun tímaramma fyrir viðtöl, en starfsmannastjóri hlutaðeigandi sviðs raðar starfsmönnum og yfirmönnum sem mæta eiga í viðtöl á ákveðna tíma innan þess ramma og bera ábyrgð á boðun þeirra. Starfsmenn verkefnastofu starfsmats boða fulltrúa stéttarfélaga í viðtölin.

##### **11. gr. Kynningarefni fyrir viðtöl**

Áður en starfsmatsviðtal fer fram skal starfsmannastjóri sviðs tryggja að starfsmenn hafi fengið kynningarefni um starfsmat og þau gögn sem nauðsynleg eru fyrir starfsmatsviðtal.

##### **12. gr. Ábyrgð á undirbúningi starfsmanns**

Starfsmannastjóri sviðs og næsti yfirmaður bera ábyrgð á og skulu tryggja að starfsmaður fái í vinnutíma tækifæri til að kynna sér fræðsluefni um starfsmatið og að fylla út spurningalistu starfsmats og skila honum fyrir viðtal. Mikilvægt er að skapa starfsmanni aðstöðu og tækifæri til að ræða við aðila í sama starfi og yfirmsmanni um spurningar sem kunna að vakna og yfirfara starfslýsingu.

##### **13. gr. Starfsmatsviðtol**

Starfsmatsviðtol fara fram á boðuðum fundarstað. Auk starfsmanns eða eftir atvikum starfsmanna er starfsmaður verkefnastofu starfsmats, fulltrúi stéttarfélags viðkomandi starfsmanns og næsti yfirmaður viðstaddir viðtalið.

##### **14. gr. Starfsyfirlit**

Í lok starfsmatsviðtals er farið yfir starfsyfirlit viðtalsins með starfsmanni og næsta yfirmsmanni. Yfirlitið er stutt samantekt á kröfum til starfs byggð á svörum í viðtalinu.

##### **15. gr. Skoðun á matsniðurstöðum**

Pegar niðurstaða starfsmats liggur fyrir getur starfsmaður innan 30 daga óskað eftir fundi með starfsmannastjóra sviðs og næsta yfirmsanni að viðstöddum fulltrúa hlutaðeigandi stéttarfélags til að fara yfir niðurstöður starfsmats á starfi sínu. Boða skal til þessa fundar innan 14 daga frá því að skrifleg ósk þess efnis er borin fram af starfsmanni, nema aðilar komi sér saman um aðra tilhögum.

### IV. KAFLI

#### Endurmat starfa

##### **16. gr. Skilyrði endurmats**

Starfsmatsnefnd ber að endurskoða niðurstöðu starfsmats ef vísbendingar eru um að verulegar og viðvarandi breytingar hafi orðið á starfinu frá því að það var síðast metið eða aðrar málefnaðegar ástæður eru fyrir hendi sem sýnt er fram á að hafi haft umtalsverð áhrif á niðurstöður starfsmatsins. Þar gæti t.d. verið um að ræða ný verkefni sem bætt hefur verið við starfssvið eftir endurskipulagningu starfs eða vegna breytinga á löngu tímabili.

Í beiðni um endurmat þarf að greina á milli þeirra þátta sem krafist er í starfinu og þeirra þátta sem starfsmaður innir af hendi umfram það sem starfið gerir kröfur um skv. ákvörðun sviðs.

##### **17. gr. Form beiðni**

Beiðni um endurmat skal skilað á þar til gerðu eyðublaði. Starfsmaður getur leitað aðstoðar fulltrúa stéttarfélags og/eða sviðs við að útbúa beiðni. Beiðni sem er ófullnægjandi er ekki tekin til meðferðar og endursend með leiðbeiningum um ágalla.

Til að beiðni teljist gild þarf að fylgja henni, útfylltur spurningarlisti og rökstuðningur. Starfsmenn verkefnastofu starfsmats óska eftir staðfestri starfslýsingu hjá sviðinu og skulu þeir tilkynna starfsmatsnefnd um viðkomandi endurmatsbeiðni á næsta fundi nefndar eftir að beiðnin berst.

#### **18. gr. Upplýsingaskylda vegna endurmatsbeiðni**

Óski starfsmannastjóri sviðs eftir endurmati á starfi skal hann upplýsa þann eða þá sem gegna starfinu um forsendur beiðnar.

Óski starfsmaður/starfsmenn eftir endurmati á starfi skulu starfsmenn verkefnastofu starfsmats tilkynna starfmannastjóra sviðs skriflega um að óskað hafi verið eftir endurmati á niðurstöðum starfsmats vegna starfs sem heyrir undir starfsemi sviðsins.

Ef starfið er á fleiri sviðum skal nefndin eftir atvikum tilkynna öðrum starfmannastjórum um fyrilliggjandi endurmatsbeiðni þannig að tryggt sé að samræmis sé gætt við mat starfa innan borgarinnar.

Einnig skal tilkynna stéttarfélagi starfsmanns/starfsmanna um beiðnina.

#### **19. gr. Ákvörðun um endurmat**

Starfsmatsnefnd tekur endurmatsbeiðni til afgreiðslu sé skilyrðum til endurmats fullnægt. Leiði endurmat starfs til breytinga tekur það gildi frá þeim tíma sem fullnægjandi beiðni um endurmat barst Verkefnastofu starfsmats skv. ákvæðum kjarasamninga.

#### **20. gr. Endurskoðun starfsmats**

Árlega skal yfirfara öll störf sem ekki hafa hlutið endurmat eða endurskoðun undanfarin fimm ár og skal það gert með eftirfarandi hætti:

a) Starfsmenn verkefnastofu starfsmats útbúa árlega lista yfir þau störf sem metin voru fimm árum fyrr og hafa ekki hlutið endurmat eða aðra endurskoðun. Listinn verður aðgengilegur á heimasiðu starfsmatsins.

b) Mannauðsdeild sendir listann til starfmannastjóra sviðs og óskar eftir starfslýsingu fyrir viðkomandi störf sem berast skal mannaúðsdeild innan tveggja mánaða. Starfslysingin á að vera uppfærð og ekki eldri en 6 mánaða. Ef starfmannastjóri sviðs telur að starfið hafi breyst skal sviðið óska eftir endurmati.

c) Ef ekki berst endurmatsbeiðni frá sviði eða starfsmanni innan 2 mánaða að því er varðar fyrرنefnd störf eru viðkomandi stéttarfélagi sendar upplýsingar um það ásamt starfslýsingum starfanna og félagið getur í kjölfarið beitt sér fyrir því að endurmatsbeiðni komi frá starfsmanni/starfsmönnum.

d) Ef ekki berst endurmatsbeiðni frá sviði eða starfsmanni en nefndin er engu að síður sammála um að þörf sé á endurskoðun starfsins, getur nefndin óskað eftir frekari rökstuðningi frá viðkomandi starfmannastjóra og eftir atvikum kallað hann til fundar til að fara yfir málið.

e) Árlega skal starfsmatsnefnd funda með starfmannastjórum og fara yfir starfslýsingar starfa á listanum.

## **V. KAFLI**

### **Áfrýjunarnefnd**

#### **21. gr. Áfrýjunarnefnd**

Niðurstöðum starfsmatsnefndar er hægt að vísa til áfrýjunarnefndar skv. reglum sem þar um gilda.

*Samþykkt, 4.10.2016.*

**Fylgiskjal III**  
**Launatafla 1**

| Gildir frá 1. apríl 2023 |           |         |         |         |         |         |         |
|--------------------------|-----------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
| þrep                     | Grunnþrep | 1       | 2       | 3       | 4       | 5       | 6       |
| Lfl.                     | 0,00%     | 1,50%   | 3,00%   | 4,50%   | 6,00%   | 7,50%   | 9,00%   |
| 305                      | 510.095   | 517.746 | 525.398 | 533.049 | 540.701 | 548.352 | 556.004 |
| 306                      | 515.340   | 523.070 | 530.800 | 538.530 | 546.260 | 553.991 | 561.721 |
| 307                      | 520.657   | 528.467 | 536.277 | 544.087 | 551.896 | 559.706 | 567.516 |
| 308                      | 526.050   | 533.941 | 541.832 | 549.722 | 557.613 | 565.504 | 573.395 |
| 309                      | 531.517   | 539.490 | 547.463 | 555.435 | 563.408 | 571.381 | 579.354 |
| 310                      | 537.061   | 545.117 | 553.173 | 561.229 | 569.285 | 577.341 | 585.396 |
| 311                      | 542.683   | 550.823 | 558.963 | 567.104 | 575.244 | 583.384 | 591.524 |
